

## Er þitt fyrirtæk í stafrænni vegferð og þarf fjármagn í næstu skref?

Þá viljum við hvetja þig til að lesa í gegnum eftirfarandi punkta og skoða hvort þetta er tækifæri fyrir þig.

Íslenski ferðaklasinn er hluti af Evrópuverkefninu [TOURBIT](#) sem hefur það hlutverk að hraða ferðabjónustufyrirtækjum í gegnum hið stafræna ferðalag.

Hægt verður að styðja við sjö fyrirtæki á Íslandi að andvirði 9.000 € hvert.

*Þessi hluti verkefnisins er unnin með stuðningi Ferðamálastofu og landshlutasamtakanna með samstarfi við áfanastaðastofur/markaðsstofur landshlutanna víða um land.*

### Hverjir geta sótt um?

Þau fyrirtæki sem geta sótt um stuðning á sinni stafrænu vegferð eru fyrirtæki í þessum flokkum:

- **Hótel og gististaðir** - Hotels and similar accommodation (NACE I5510)
- **Gistiheimli og smáhýsi** - Holiday and other short-stay accommodation (NACE I5520)
- **Tjaldsvæði** - Camping grounds, recreational vehicle parks and trailer parks (NACE I5530)
- **Ferðaskrifstofur, ferðasalar dagsferða og tengdur rekstur** - Travel agency, tour operator reservation service and related activities (NACE N79)

Hvaða skilyrði eru fyrir því að umsóknin sé tekin til greina?

- Fyrirtæki sé lítið eða meðalstórt fyrirtæki á evrópskum mælikvarða (starfsmenn á bilinu 1-250)
- Velta sé undir 50m €
- Tilgreina hvaða stafræna úrbótaverkefni fyrirtækið hyggst vinna að
- Vera hluti af [Tourbizz samfélaginu](#).
- Fara í gegnum stafrænt hæfni mat / [Sjálfsmat - sjá hér](#).

Hvað má nota stuðninginn í?

- Ráðgjafakostnað og sérfræðikostnað
- Auka hæfni og þekkingu innan fyrirtækis með aðkeyptri þjónustu (námskeið, menntun, osfrv)
- Innleiðingafærli á nýrri tækni
- Eingöngu er hægt að nota stuðninginn hjá fyrirfram ákveðnum þjónustuaðilum, listi yfir þjónustuaðala verður aðgengilegur hér. [www.tourbit.eu](http://www.tourbit.eu) - ef þú ert þjónustuaðili getur þú [skráð þig hér](#).

Mikilvægt er að kynna sér málið vel [hér](#), hala niður umsókninni [hér](#) og senda inn umsókn fyrir **5.apríl!**